

SNJÓR OG AFRENNSLI I NORDUR FINNLANDI.

Umsögn um skýrslu Allan Sirén:

"Snöackumulation och avrinning inom Peerajärvi fjällområde". Peerajärvi-svæðið er nyrsti hluti vatnasviðs Torne-Muonio-ölvs. Afrennsli Peerajärvifjalla fellur í Peerajärvivatn, og úr vatninu fellur ein á. Við þá á var byggður síritari árið 1959, alveg upp við vatnið. Þessi síritari mælir afrennsli Peerajärvi-svæðisins, sem er 102 km að flatarmáli. Það liggur rétt austan við landamæri Svíþjóðar og Finnlands og mörk þess liggja aðeins fimm km. sunnar en landamæri Noregs og Finnlands. Peerajärvivatn er um 2 km<sup>2</sup> að flatarmáli og liggur í 460 m hæð yfir sjó. Hæð vatnasviðsins er mest um 950 m yfir sjó. Vegna legu svæðisins telur A.Sirén líklegt, að sánskir og norskir vatnafræðingar sýni mikinn áhuga á rannsóknum Finna á Peerajärvi-svæðinu.

Rannsóknir eru erfiðar að því leyti að vatnasviðið er allgjörlega óbyggt. Eins og aður er sagt, er afrennslið mælt með síritara, sem er í gangi allt árið. Úrkoman er mæld með ~~fjórum~~ "totalisatorum" (sérstök tegund úrkumumæla), sem staðsettir eru í mismunandi hæð á vatnasviðinu. Einn þeirra er tæmdur mánaðarlega. Hinir, sem mjög erfitt er að ná til að vetri til, eru tæmdir mánaðarlega að sumri til, en úrkoman, sem fellur á tímabilinu okt.-mai er mæld í einu lagi (tæming fer fram í lok mai ár hvert). Hitinn er mældur með síritara (termograf), sem staðsettur er neðst á vatnasviðinu. Snjómælingar hafa verið gerðar í apríl hvert ár. Mælt hefur verið á línu, snjódyptin að meðaltali í 200 og eðlisþyngdin í 20 mælipunktum. Meðalhæð mælipunktanna er höfð sem næst meðalhæð vatnasviðsins, og reynt er á allan hátt að fá sem bezta mynd af snjómagninu á vatnasviðinu í heild. Þótt rannsóknir þessar hafi ekki staðið yfir nema í rúm fjögur ár, er fróðlegt að virða fyrir sér þær niðustöður, sem þegar eru fyrir hendri. — Úrkumumælingarnar sýna, að úrkoman vex með hæðinni. A.Sirén leggur fram eftirfarandi töflu þessu til sönnunar.

Tafla 1. Taflan sýnir úrkoma, sem mældist með "totalisatorum" á Peerajärvi-svæðinu.

Úrkoma í mm.

1962      1962 - 1963

	hæð	VII	VIII	IX	X - V	VI	VII	VIII	IX	Alls
Totalisator I	460 m	19	29	35	227	6	43	43	50	452
" II	510 m	18	34	39	225	6	42	42	48	454
" III	630 m	22	40	45	580	14	43	60	50	854
" IV.	670 m	22	40	45	560	5	43	55	50	820

Ef bornar eru saman niðurstöður úrkomumælinganna fyrir okt. - apríl og snjómælinganna, sézt að snjomagnið hefur mælzt mun meira en það ætti að vera samkvæmt niðurstöðum úrkomumælinganna. A.Sirén leggur fram eftirfarandi töflu þessu til staðfestingar.

Tafla II. Vatnsgildi snjómagnsins (í mm) á Peerajärvi-svæðinu og vetrarúrkoman, sem mældist með "totalisator" I (ímm).

<u>Ár</u>	<u>Vatnsgildi snjómagnsins</u>	<u>Úrkoma í okt.-apríl</u>
1959	285 mm	
1969	156 "	141 mm
1961	194 "	121 "
1962	181 "	123 "
1963	296 "	174 "
1964	300 "	152 "

A.Sirén bendir á, að unnt sé að sjá af töflu I og II eftirfarandi staðreynd; Hlutfallið milli vatnsgildis snjómagnsins og vetrarúrkunnar, sem mældist með "totalisator" I, er mjög líkt hlutfallinu milli vetrarúrkunnar, sem mældist með "totalisator" I og II annars vegar og "totalisator" III og IV hins vegar. Þessi staðreynd gæti ef til will orðið til að auka áhuga manna á notkun "totalisatora" til úrkomumælinga á óbyggðum svæðum. Tafla II sýnir enn fremur, að snjomagnið frá ári til árs er mjög breytilegt.

Samanburður á snjomagni og afrennsli: A.Sirén leggur fram eftirfarandi tvær töflur.

Tafla III. Vatnsgildi snjómagnsins MV í mm, úrkoman í maí  $P_V$ , úrkoman í júní  $P_{VI}$  í mm og afrennsli í maí - júní  $A_{V+VI}$  í mm fyrir Peerajärvi-svæðið.  $t_V$  er meðalhiti í maí,  $t_{VI}$  er meðalhiti í júní.

		1959	1960	1961	1962	1963	1964
MV	mm	285	156	194	181	296	300
$P_V$	"	54	24	11	17	46	8
$P_{VI}$	"	23	42	72	32	6	
$\Sigma MV + P_V + P_{VI}$	"	362	222	277	230	248	
$A_{V+VI}$	"	337	211	232	207	268	
$\Sigma - A_{V+VI}$	"	25	11	45	23	80	
$t_V$	°C	3.1	4.1	0.8	1.6	7.5	3.2
$t_{VI}$	"	6.2	8.3	9.2	7.0	7.9	
t max í maí	"	6.1	8.2	4.0	4.3	12.3	6.0
t max í júní	"	12.4	11.6	13.4	10.6	11.4	
t min í maí	"	-0.1	-2.7	-2.5	-1.9	1.7	0.0
t min í júní	"	3.3	3.3	3.8	2.8	4.0	

Tafla IV. Mesta afrennsli ársins Hq ( $l/s \cdot km^2$ ) og meðalhiti 5 daga fyrir hæsta flóð tHq á Peerajärvi-svæðinu 1959 - 64.

<u>Ár</u>	<u>Dagsetn.f.Hq</u>	<u>Hq</u>	<u>tHq</u>
1959	10.6	216 $l/s \cdot km^2$	10.8 °C
1960	28.5	"	10.5 "
1961	4.6	274 "	12.5 "
1962	10.6	110 "	6.1 "
1963	13.5	184 "	7.8 "
1964	28.5	138 "	6.6 "

A.Sirén segir, að í Finnlandi hafi snjómagn vetrarins yfirleitt ekki mikil áhrif á hæsta Hq gildi ársins. Töflurnar III og IV sýna, að þetta gildir einnig um Peerajärvi-svæðið. Aftur á móti virðist lofthitinn dagana fyrirmesta flóðið hafa mun meiri áhrif á stærð þess.

Berið t.d. saman töflurnar fyrir árin 1961 og 1962. Samanlagt afrennsli svæðisins yfir vorflóðstímabilið hefur reynzt vera í réttu hlutfalli við snjómagn vetrarins.

Tafla III. sýnir m.a., að vatnið frá snjómagni vetrarins plús rigningarvatnið í maí og júní rennur nokkurn veginn af svæðinu í maí og júní. Mismundrinn (MV+PV+PVI - AV + VI) gæti hugsast að vera mælikvarði á það, hversu mikið vatnsmagn gufar upp af svæðinu þessa tvö vormánuði. Er mjög líklegt, að áframhaldandi rannsóknir skeri m.a. úr um þetta atriði.

Finniska vatnafræðistofnunin leggur mikla áhærtlu á áframhaldandi rannsóknir á Peerajärvi-svæðinu, aðallega til að auka þekkingu á vatnafræði norður Finnlends og nægrenis.

Albert Valdimarsson (sign)